

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík 16. september 2019 kl. 13:15.

Fundinn sátu eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Aðalsteinn J. Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson (í Zoom), Kristján Þór Magnússon og Þorsteinn Gunnarsson. Sigurður Þór Guðmundsson boðaði forföll. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður, Dagbjört Jónsdóttir setti fund og stjórnaði honum.

Á fundi gerðist þetta:

1. Fundaplan 2019-2020

Samþykkt að halda fundi framkvæmdastjórnar þriðja mánudag í mánuði starfsárið 2019-2020, að jafnaði annan hvern mánuð. Framkvæmdastjóra falið að setja planið upp í dagatal og senda út.

2. Innviðir raforkukerfisins á svæðinu

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrri því að atvinnuþróunarfélagið hefði látið vinna tvær skýrslur um raforkumálefni á svæðinu. Annars vegar skýrslu um flutnings- og dreifikerfið og hins vegar frumúttekt á smávirkjanakostum. Þá er í gangi vinna starfshóps um raforkumálefni á Norðausturlandi undir forystu orkumálastjóra, en ekki er ljóst hvenær starfshópurinn skilar af sér.

Samþykkt að stefna að einhvers konar viðburði, málþingi eða smá ráðstefnu, fyrir áramótin þar sem þessar skýrslur yrðu kynntar sveitarstjórnarstiginu og hagaðilum og efnt til samtals hag- og áhugaðila um þróun málaflokksins. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa það.

3. Mál frá fulltrúaráði – fundur 15.05.2019

- Samstarf um brunavarnir
 - Málið rætt út frá umboði fulltrúaráðsins og samþykkt að vinna stöðumat og fá utanaðkomandi verkefnisstjóra til að halda utan um vinnuna þegar grunnupplýsingar liggja fyrir. Fyrsta skref verði að óska eftir ákveðnum grunnupplýsingum og sýn slökkviliðsstjóranna á svæðinu á þau faglegu tækifæri sem í frekara samstarf í málaflokknum gætu falið.
- Samstarf í skipulagsmálum
 - Framkvæmdastjóra falið að rita sveitarfélögunum bréf til eftirfylgni við samþykkt fulltrúaráðsins um að sveitarfélögin skipi samstarfsvettvang um skipulagsmál sem skipaður verði skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna og einum kjörnum fulltrúa frá hverju þeirra.
- Aukið samstarf í stefnumótunarvinnu
 - Samstaða um að samnýta sem mest og best milli sveitarfélaganna alla vinnu sem hvert og eitt þeirra leggur í stefnumótum af ýmsu tagi. Þetta verði best gert með því að upplýsa á milli sveitarfélaganna um vinnu af þessu tagi. Sérstaklega var rætt um fjölmenningsstefnu og samstarf sveitarfélaganna um gerð en ekki síður framkvæmd hennar, t.a.m. með samstarfi um starfsmann.

4. Önnur mál

Farið yfir vinnuferil og tímalínu vegna vinnslu fjárhagsáætlunar en mikilvægt er að upplýsingar um breytingar á framlögum sveitarfélaganna til starfseminnar liggi fyrir á tilsettum tíma vegna vinnslu fjárhagsáætlana þeirra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:55